

## Baula í Borgarfirði

Þeir sem leið eiga um Borgarfjörð, þegar vel sést til fjalla, komast ekki hjá því að festa sjónar á Baulu, þessu keilulagaða líparítfjalli, er rís stakt upp frá umhverfi sínu, svo gjörólíkt nærliggjandi fjöllum, sem frekast er unnt, bæði að lit og lögun.

Baula er á tungu þeirri, sem er milli Norðurárdals og Bjarnardals, en um þann síðarnefnda liggur þjóðleiðin til Dalasýslu og Vestfjarða.

Undanfarin ár hefur fjöldi sumargesta í Borgarfirði aukist að miklum mun. Þar hafa verið byggðir sumarhúsaðir á mörgum stöðum, og í orlofshúsum að Munaðarnesi, Stóruskógum, Hreðavatni og Svignaskarði dvelja fleiri hundruð manna á hverju sumri. Allt þetta fólk, auk héraðsmanna, þarf að hafa einhver verkefni í frístundum sínum og er gönguferð á Baulu þá nokkur verra en hvað annað?

Úr fjarlægð virðist vera auðvelt að ganga á Baulu. Hlíðar fjallsins eru skriður að mestu og hafa jafnan halla og klettabelti eru engin sem þarf að klífa, en samt er það svo að flestum ókunnugum þun leiðin reynast alltorsótt. Ástæðan er einkum sú að skriðurnar eru afar lausar í sér og þeir sem reyna þær, lenda í þeirri raun að renna afturábak í hverju skrefi sem þeir stíga. Slíkt er mjög þreytandi til lengdar. Ein greiðfær leið er samt á fjallið, sem óhætt er að mæla með. Hún liggur upp suð-vestur hlið þess, þ.e. þá hlið sem blasir við þegar ekið er inn Norðurárdalinn. Á þessari hlið er fjallið þakið stórgrýttri urð langleiðina upp á topp. Þar er fast undir fæti, en þó er rétt að fara gætilega, því steinarnir í urðinni eru stórir og geta oltið til þegar á þá er stigið. Mun fæstum þykja það notalegt að verða þar á milli.

Þegar gönguferð á Baulu hefur verið ákveðin er best að aka inn í Bjarnardal og inn undir brúna á Bjarnardalsá. Þar yfirgefum við bílinn og leggjum á brattann. Leiðin að fjallsrótunum er gróðri vafin og mjúk undir færi. Við stefnum á suð-vesturhlið fjallsins og hefjum þar uppgönguna. Gangan ætti að sækjast greitt, því fast er undir fæti og engar skriður, en þó verða menn að gæta að sér og að ætla sér hæfilega hvíld af og til. Það er nauðsynlegt í hverri fjallgöngu, ekki síst ef menn eru óvanir svona erfiði. Og svo víkkar sjóndeildarhringuinn smátt og smátt eftir því sem göngunni miðar áfram. Þessa verða menn einnig að njóta.

Að lokum er staðið á hæsta tindi sem er 934 m yfir sjávarmáli. Þaðan getur að líta hið dýrðlegasta útsýni: norður yfir Holtavörðuheiði, Tvídægru og Arnarvatnsheiði, til jöklanna miklu í austri, suður til Esju og Botnssúlna, vestur til Snæfellsjökuls og inn yfir Hvammsfjörð, auk stærsta hluta Borgarfjarðarhéraðs sem liggur fyrir fótum manns.

Gömul sögn er til er segir, að uppi á Baulutindi sé tjörn. Í henni er óskasteinn. Hann á að fljóta upp á yfirborðið einu sinni á ári, en ekki er sagt hvenær. Nú er þar enga tjörn að finna svo hér hlýtur að vera um einhvern misskilning að ræða.

Flestir fara sömu leið niður af fjallinu en þeir sem hafa gaman af smá glannaskap velja sér leið niður skriðurnar að norðanverðu og njóta rennslisins. Sú leið er hættulaus ef menn gæta þess að sneiða hjá klettunum, sem eru þar efst í fjallinu. Í bakaleiðinni er sjálfsagt að skreppa að fossinum í Bjarnardalsánni, sem blasir við, þegar ekið er eftir þjóðveginum inn dalinn.

Erfitt er að segja nákvæmlega hversu mikinn tíma þessi ganga tekur, því hraði manna í fjallgöngum er svo misjafn. En undir flestum kringumstæðum ætti gönguferðin að taka um 6 klst., frá og að bíl. Þá er farið rólega.

(Mbl. 12. júlí 1981)

